

## **Stjórnarfundur SK haldinn í K-húsinu 17.sept. 2009 kl.19.30**

Mættir: Guðmundur, Lilja, Hjördís, Sibba, Falur, Ásta, Friðrik og Svala.

Auk þess voru boðaðar á fundinn kl.20.00 þær Dóra, Linda og Kolbrún úr nýstofnuðu foreldraráði.

### **1.mál Fundargerð**

Ákveðið að fresta því að fara yfir síðustu fundargerð

### **2. mál Innritanir að hausti, staða skráninga og innheimtumál**

Fórum yfir skráningarnar í Felix og eru 133 skráningar komnar og þar af 50 nýjar, fleiri skráningar eru að berast inn. Athyglisvert þótti okkur að fá börn sem fædd eru árið 2000 æfa sund. Ákveðið að bjóða börnum fæddum árið 2000 frá æfingagjöld í mánuð. Hjördís bar fram þá tillögu að fá skóla í Keflavík að benda foreldrum þessara barna á þessi fríðindi. Tillagan samþykkt einróma.

Buðum Svölu og Friðrik velkomin í stjórn og munu þau taka við "Felix" af Þórhildi.

Ásta og Helga eru búnar að gera upp Sparisjóðsmótið, ágæt niðustaða sem var skipt á milli deildanna skv. ríkjandi skiptahlutfalli.

### **3.mál Farið yfir niðurstöður foreldrafunda og samstarfsmál**

Góð mæting foreldra var á þessum fundum sérstaklega í afrekshópnum.

Það tókst að manna og stofna foreldraráð en ljóst er að aðkoma foreldra yngri barna mætti vera meiri.

### **4.mál Undirbúningur fyrir tímabilið-innanfélagsmót**

Ákveðið að hafa innanfélagsmót 1.okt fyrir 12 ára og eldri. Hver sundmaður keppir í 2greinum.

Sibba setur upp mótið og Gummi sendir póst á þjálfara og dómara.

### **5.mál Önnur mál**

Foreldraráð formlega stofnað, fyrir hönd foreldraráðs mættu Halldór, Kolbrún og Linda. Farið yfir hlutverk foreldraráðs skv. fyrirmynd fyrirmyndafélags ÍSÍ. Foreldraráð fær svigrúm til að skipa sínum málum sjálf, ákvarðanir sem varða notkun kennitölu Sunddeildarinnar og merki þess skulu bornar undir stjórn. Eftir sem áður mun stjórn hafa umsjón með sjóðum sundmanna, en fulltrúi foreldraráðs annast daglega umsjölu þeirra. Foreldraráðið mun sér í lagi stýra fjáröflunum.

### **6.mál Önnur mál**

Aðalstjórn býður öllum stjórnnum ásamt mökum í afmælishóf þann 29.sept.

í K-húsinu. Aðalstjórn mun vera með sögusýningu sem standa mun í 2-3 vikur

og biður alla þá sem eiga myndir/muni sem tengjast sundi að koma því til skila til formanns SK.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl.21.15

Næsti fundur 8.okt.

Ritari Guðbjörg Lilja Jónsdóttir